

og Jónasar Fr. Jónssonar, lögmanns Landeigendafélags Voga ehf fyrir hönd fjögurra landeigenda í Vogum til greiðslu þeirrar kröfu sem lögtaksbeiðni Veitustofnunar lýtur að. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá innheimtukostnaði og veita að auki 30% afslátt af dráttarvöxtum vegna umræddra krafna. Jafnframt ítrekar sveitarstjórn að ofangreind samþykkt gildir um aðra gjaldendur ógreiddra hitaveitukrafna í Vogum.

12. Sveitarstjóri fór yfir helstu mál sem unnið hefur verið að á frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:00

Yngvi Ragnar Kristjánsson
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir
Helgi Héðinsson
Sigurður G. Böðvarsson
Friðrik Jakobsson
Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri

Áheit Reykjahlíðarskóla

Siðastliðinn fimmtudag syntum, hjóluðum og hlupum við til að efna áheitin frá því mars/apríl.

Nú langar okkur að biðja þá sem hétu á okkur að leggja inn á reikninginn okkar í Sparisjóðnum 1110-15-550176.

Þessi stuðningur gerir okkur kleift að ljúka fjármögnun skólaferðalags okkar til Austurríkis nú í júní.

Við þökkum kærlegar fyrir þessi áheit svo og annan stuðning í vetur.

Nemendur í 9. og 10. bekk Reykjahlíðarskóla



Frá Íþróttamiðstöð.

Það verður lokað hjá okkur á uppstigningardag, fimmtudaginn 14. maí.

Kveðja, starfsfólk

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

17. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 13. maí 2015

Afmælisbörn dagana 14. maí — 20. maí 2015

14. Bjarni Þór Gunnarsson, Karl Viðar Pálsson.
15. Björn G. Yngvason.
18. Egill Freysteinnsson, Jón Ásgeir Þorláksson.
19. Hrafnhildur Kristjánsdóttir.




Elskulegur faðir okkar og tengdafaðir

Bóas Gunnarsson

Stuðlum í Mývatnssveit

*lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
laugardaginn 9. maí.*



Útför hans verður gerð frá Reykjahlíðarkirkju föstudaginn 22. maí kl. 14:00

Peim sem vilja minnast hans er bent á að láta Hvamm, heimili aldraðra á Húsavík, njóta þess.

Margrét Bóasdóttir
Hinrik Árni Bóasson
Gunnar Bóasson
Sólveig Anna Bóasdóttir
Ólöf Valgerður Bóasdóttir
Sigfús Haraldur Bóasson
Bóas Börkur Bóasson
Ragnheiður Bóasdóttir
Birgitta Bóasdóttir

Kristján Valur Ingólfsson
Guðbjörg Ásdís Ingólfssdóttir
Friðrika Guðjónsdóttir
Baldur Tumi Baldursson
Helgi Bjarnason
Þóra Fríður Björnsdóttir
Eyja Elísabet Einarsdóttir
Guðmundur Ingi Gústavsson
Hentzia í Lágabö



Ílla gengur nú blessaðri lóunni að syngja burt snjóinn þetta vorið.

Til að aðstoða hana höfum við fengið Skúla Mennska og hljómsveit hans til að leggja henni lið.

Það gerist komandi föstudag 15. maí milli kl. 10 & 12 síðdegis í Gamlabænum.

Allskonar tilboð í mat og drykk á staðnum.

Ókeypis inn að vanda, mætum nú öll, tökum hressilega undir og syngjum inn sumarið.

Viðskiptavinir athugið!!

Vegna breytinga í verslun erum við með rýmingarsölu á herrafatnaði!!

40% afsláttur af völdum herrafatnaði t.d fermingarjakkaföt og stakar stærðir í herrafatnaði. Tilboðið gildir til 23. maí.n.k.

Full búð af fallegum sumarlegum dömufatnaði, frá Soya concept, cult, 5.units, saint tropes, Desigual og fleirum.

Verið velkomin
Töff föt, Garðarsbraut 62,
Húsavík.



Með þessu er Skútustaðahreppur að kynda ófriðarbál, hindra möguleika á sáttum, lengja ferli ágreinings og auka bæði eigin kostnað og kostnað íbúa í Vogum. Erfitt er að sjá hvernig þessi ákvörðun samræmist skyldum um ráðvendni, réttlæti og ábyrga meðferð á almannafé samkvæmt siðareglum kjörinna fulltrúa.

Með bréfi þessu er skorað á sveitastjórn Skútustaðahrepps að taka formlega ákvörðun um að auka ekki á ósættið og afturkalla þessa beiðni um aðför eða a.m.k. fresta aðfararmálinu þar til efnisniðurstaða dómstóla liggur fyrir. Skal vakin athygli á því að aðfararbeiðnin verður tekin fyrir þann 4. maí n.k. hjá sýslumanninum á Norðulandi eystra“.

Vegna framangreinds vill sveitarstjórn Skútustaðahrepps taka eftirfarandi fram.

Eins og fram kemur hefur ágreiningur um lögmati uppsagnar á samningi landeigenda í Vogum og Skútustaðahrepps f.h Veitustofnunar Skútustaðahrepps, verið uppi í yfir 20 ár eða frá árinu 1992. Á þessu tímabili hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til lausnar á umræddum ágreiningi en án árangurs. Í óformlegum tillögum lögmanns landeigenda frá haustinu 2014 sem vísað er til komu að mati sveitarstjórnar ekki fram neinar nýjar hugmyndir eða tillögur sem leitt gætu til lausnar. Því er það mat sveitarstjórnar að farsælast sé fyrir báða aðli að leita atbeina dómstóla við lausn deilunnar.

Varðandi þá fullyrðingu að með lögtaksbeiðni sé sveitarfélagið á einhvern hátt að hindra möguleika á sáttum, lengja í ágreiningsferlinu og jafnvel að fara óvarlega með almanna fé vill sveitarstjórn benda á að um er að ræða kröfur vegna ógreiddra hitaveitugjalda sem sveitarfélagið telur sig vera í fullum rétti til að innheimta, líkt og önnur ógreidd hitaveitugjöld sem eru útistandandi hjá viðskiptavinum Veitustofnunar Skútustaðahrepps. Bæði sveitarfélaginu og Veitustofnun Skútustaðahrepps ber að gæta jafnræðis í samskiptum við íbúa þ.m.t þegar kemur að innheimtumálum. Í því ljósi telur sveitarstjórn að fengnu álitu lögfræðinga, óforsvaranlegt annað en að innheimta köfurnar sem hún telur réttmætar. Með því að aðhafast ekkert, væri sveitarstjórn að bregðast hlutverki sínu um ábyrga meðferð fjármuna sveitarfélagsins. Í 2. gr. siðareglna kjörinna fulltrúa í Skútustaðahreppi, sem vikið er að í ofangreindu bréfi, kemur fram að kjörnum fulltrúum ber „að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða einstaka hópa“. Í 5. gr. sömu reglna kemur fram að kjörnum fulltrúum ber „að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé“. Þá vill sveitarstjórn taka fram að ágreiningur um gildi samnings annars vegar og ágreiningur um greiðslu hitaveitugjalda hins vegar eru tvö aðgreind mál, þannig að fyrra málið leysir ekki sjálfkrafa það seinna.

Í ljósi framangreinds hafnar sveitarfélagið því f.h. Veitustofnunar Skútustaðahrepps, að afturkalla umrædda beiðni eða frestun á aðfararmálinu þar til efnisatriði dómstóla liggja fyrir. Sveitarstjórn leggur áherslu á að hún er á öllum tíma tilbúin til samninga um lausn deilna þessara ef nýjar hugmyndir eða tillögur koma fram, en leggur áherslu á að hún lítur svo á að frumkvæðið að slíku sé hjá Landeigendafélagi Voga ehf. Sveitarstjórn telur að óbreyttu heillavenlegast fyrir báða aðila að halda málinu í níverandi farvegi þannig að endanleg niðurstaða fái stund um þetta gamla deiluefni.

10. Í bréfinu er óskað svara sveitarstjórnar við fimm spurningum er snúa að drögum að Kerfisáætlun Landsnets 2015-2023 og virkjanaáformum í Bjarnarflagi og Kröflu. Sveitarstjórn þakkar bréfriturum og felur oddvita og sveitarstjóra að svara bréfriturum í samræmi við umræður á fundinum.
11. Lagt fram tölvubréf, Heiðrúnar Lindar Marteinsdóttur, lögmanns Veitustofnunar Skútustaðahrepps dags, 4. maí 2015 þar sem gert er grein fyrir sáttaumleitunum milli hennar

hitaveitu frá Kálfaströnd (Óhappinu) að Garði skv. uppdráttum 07215.M22.009 og 010 frá VERKÍS verkfræðistofu.

Samþykkt samhljóða.

- Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra óskar umsagnar umsögn Skútustaðahrepps vegna umsóknar Gísla Rafns Árnasonar, kt. 280873-5199, Hafnarstræti 3, 600 Akureyri, f.h. Kaffikletts ehf. kt. 520315-0980 Hafnarstræti 3, 600 Akureyri um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga og veitingu veitinga í flokki III í Veiðiheimum Hofi, 660 Mývatn. Samkvæmt 10. gr. laga um veitinga- og gististaði nr. 85/2007 og 23. gr. reglugerðar nr. 585/2007 er óskað umsagnar sveitarstjórnar um umsókn þessa.
Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn.
- Lögð fram fundargerð frá stjórnarfundum 20. apríl 2015 og ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga fyrir árið 2014. Fundargerðin er í 6 liðum.
Vegna liðar 3.
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir ekki athugasemdir við drög að ársreikningi 2014.
Vegna liðar 6.
Sveitarstjórn fagnar ákvörðun stjórnar um að halda orkufund í haust í Mývatnssveit og að yfirheiti hennar verði „Orka og ferðaþjónusta“.
Ekki voru gerðar bókanir vegna annarra liða fundargerðarinnar.
- Lögð fram fundargerð stjórnar leigufélags Hvamms ehf frá 13. mars 2015. Fundargerðin er í 4. liðum. Vegna a. liðar bar oddviti upp eftirfarandi tillögu.
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir að styðja áfram við rekstur leigufélags Hvamms ehf í samræmi við eignarhlut sveitarfélagsins í félaginu.
Samþykkt samhljóða.
- Lögð fram ályktun aðalfundar Mývatnssstofu frá 25. mars 2015 þar sem skorað er á samgögnuyfirvöld að bæta vetrarþjónustu á ferðamannaleiðum í Mývatnssveit.
Sveitarstjórn tekur undir ályktunina og skorar á Vegagerðina að bæta vetrarþjónustu í Mývatnssveit.
- Í bréfinu eru reyfaðar áhyggjur bréfrítara af vaxandi ágangi ferðamanna í Höfða. Að mati bréfrítara er nú svo komið að svæðið þolir ekki þennan mikla fjölda fólks sem þar kemur og viðrar hugmyndir um gjaldtöku eða takmörkun á opnunartíma í Höfða sem leiðir til að draga úr ágangi.
Sveitarstjórn þakkar bréfrítara og felur sveitarstjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.
- Lagt fram eftirfarandi bréf Jóhanns Kristjánssonar f.h. Landeigenda í Vogum, dags 22. apríl 2015.
„Vísað er til uppsagnar landeigenda í Vogum á árinu 1992 á samningi á milli landeigenda í Vogum og Skútustaðahrepps f.h. Hitaveitu Reykjahlíðar frá 1. júlí 1971. Þá er vísað til tilrauna aðila til þess að gera nýjan samning, síðast með tillögum lögmanns landeigenda haustið 2014.
Þann 10. febrúar 2015 höfðaði Skútustaðahreppur mál gegn landeigendum og var þannig ágreiningi aðila fundinn farvegur fyrir dómstólum. Af þeim sökum sætir furðu að Skútustaðahreppur reyni að þvinga fram greiðslu með aðför gegn stórum hópi Vogunga áður en niðurstaða dómstóla liggur fyrir.“



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

18. fundur

að Hlíðavegi 6, þriðjudaginn 5. maí kl. 09:30

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Helgi Héðinsson, Sigurður G. Böðvarsson, Friðrik Jakobsson og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

- Fundarsetning
- Ársreikningur 2014 – fyrri umræða
- Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna hitaveitu
- Umsókn um rekstrarleyfi
- Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 20. apríl 2015.
- Fundargerð stjórnar leigufélags Hvamms frá 13. mars 2015
- Ályktun aðalfundar Mývatnssstofu frá 25. mars 2015
- Erindi Laufeyjar Sigurðardóttur dags. 22. apríl 2015
- Erindi Jóhanns Kristjánssonar f.h. Landeigenda í Vogum, dags 22. apríl 2015
- Erindi stjórnar Fjöreggs dags 25. apríl 2015
- Erindi fjögurra landeigenda í Vogum.
- Skýrsla sveitarstjóra-munnleg

Til kynningar:

Fundargerðir stjórnar Eyþings frá 25. mars og 7. apríl 2015.
Stjórnar Dvalarhemilisins Hvamms frá 13. mars 2015.

Afgreiðslur:

- Oddviti setti fund og lagði til að lið nýjum til 11, erindi fjögurra landeigenda í Vogum yrði bætt á dagskrá. Liðurinn skýrsla sveitarstjóra færast þá aftur og verður liður 12. Samþykkt samhljóða.
- Til fundar er mættur Jón Ari Stefánsson frá KPMG. Jón Ari kynnti ársreikning A –hluta sveitarsjóðs og B-hluta fyrirtækja sveitarfélagsins ásamt sundurliðunarreikningum og endurskoðunarskýrslu. Þá svaraði hann fyrirspurninum sveitarstjórnarmanna varðandi einstaka liði reikningsins. Jón Ari vék af fundi.
Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu. Sveitarstjórn samþykkir að vísa ársreikningi Skútustaðahrepps og fyrirtækja, A og B hluta til síðari umræðu.
Samþykkt samhljóða.
- Lögð fram fundargerð skipulagsnefndar ó.d sem samþykkt var á milli funda í tölvupósti frá nefndarmönnum. Fundargerðin er í einum lið. Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu.
Sveitarstjórn samþykkir erindi frá Jóni Óskari Péturssyni, sveitarstjóra, f.h. Veitustofnunar Skútustaðahrepps kt. 481007-1510 þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna lagningar